


Landnám og menningarlandslag. Fornleifarannsóknir í S-Þingeyjarsýslu 2002-2004.

Adolf Friðriksson, Orri Vésteinsson, Gavin Lucas, Tom McGovern, Ian Simpson, Przemyslaw Urbanczyck, Christian Keller, Hildur Gestsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Oscar Aldred, Ragnar Edvardsson, Árni Einarsson, Garðar Guðmundsson, Karen Milek, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Colleen Batey, Guðrún Alda Gísladóttir og Magnús Á Sigurgeirsson

FS293-02262

Reykjavík 2005





© Fornleifastofnun Íslands 2005

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efni

INNGANGUR.....	4
HOFSTAÐIR Í MÝVATNSSVEIT.....	12
HOFSTAÐAKIRKJAN	13
FORNLEIFAUPPGRÖFTUR Á SVEIGAKOTI	14
HRÍSHEIMAR	16
HÖFÐAGERÐI	18
SALTVÍK.....	19
MÍÐALDABYGGÐ Í MÝVATNSSVEIT	19
ÞINGEYSK KUML.....	21
FORN GARÐLÖG	23
NIÐURLAG	24

Inngangur

Síðastliðinn áratug hefur íslensk fornleifafræði verið í mikilli framrás. Rannsóknarsvið eru fleiri og fjölbreyttari en áður, störfum hefur fjölgað og fornleifafræði er loks orðin kennslugrein á háskólastigi hér á landi. Ennfremur hefur frumkvæði að stórum, alþjóðlegum rannsóknarverkefnum komið í vaxandi mæli frá íslenskum fornleifafræðingum, en áður voru slíkar rannsóknir einkum á vegum erlendra vísindamanna. Hofstaðir í Mývatnssveit er sá rannsóknarstaður sem verið hefur kjarninn í þessari þróun. Þar hefur verið rekið stærsta verkefni í íslenski fornleifafræði til þessa, og vettvangur margvíslegra nýjunga, s.s. vettvangskennsla á vegum Fornleifaskólans, nýjar umhverfisrannsóknir, rannsóknir í félagslegri fornleifafræði, landslagsrannsóknir, og nýjar áherslur í rannsóknum á forsögu og framvindu landnáms á Íslandi. Þegar Rannís hóf að veita öndvegissstyrki, ætluðum fyrir stór verkefni, opnuðust nýjar leiðir til framsækinnna vísinda. Er við hófum undirbúning að verkefninu “Landnám og menningarlandslag”, var það einkum tvennt sem við höfðum í huga, að frátöldum beinum, vísindalegum tilgangi þess: Annarsvegar vildum við draga stóran hring utan um margvíslegar, þverfaglegar og alþjóðlegar rannsóknir sem gerðar höfðu verið og fyrirhugaðar voru í Mývatnssveit og nágrenni, og búa þannig til samhentan hóp vísindamanna sem sameinuðust um fáein, skýr meginmarkmið; hinsvegar töldum við hér vera komið tækifæri til að gera í sinni tilraun til að glíma við “héraðsfornleifafræði” (regional archaeology), þ.e. að gera fornleifafræðilega lýsingu og greiningu á mannvistarleifum, ekki á einstökum rannsóknarstað, heldur á héraðsvísu, og takast þannig á við metnaðarfull markmið og nýjar rannsóknarspurningar. Vísindalegt markmið verkefnisins var að gera umsvifamiklar fornleifarannsóknir í S-Þingeyjarsýslu og afla gagna um landnám og þróun búsetu á Íslandi í hnotskurn, um upphaf og þróun hins íslenska samfélags og áhrif manns á umhverfið og hvernig íslensk náttúra mótaði hið nýja samfélag. Með vettvangsrannsóknum og nýjum rannsóknaraðferðum og nálgunum hefur verið leitast við að rekja þróun landeigna og auðs, þróun valdastofnana, bústærðir og beitarréttindi, gróðurfar og gróðurbreytingar. Mestu umsvifin voru á Hofstöðum og í Sveigakoti, en jafnframt voru gerðar takmarkaðar en hnitmiðaðar athuganir með grefti, skráningu og kortlagningu á bæjartóftum, legstöðum, öskuhaugum, fornum garðlögum, fornum túnum, kolagröfum og eyðibýlum, á strandsvæðum, í dölum og á heiðum uppi, frá Tjörnesi og og suður á Mývatnsheiði.

Verkefnið fólst í víðtækri rannsókn á fornleifum og búsetuaðstæðum á stóru svæði, þar sem takmarkið var ekki bundið við að finna og lýsa mannvistarleifum frá landnámstíð, heldur einnig að reyna að greina gerð samfélagsins, efnahagslegar forsendur, og önnur einkenni og útskýra þróun þess. Rannsóknarmarkmið sem þetta er algengt í fornleifafræði erlendis, en óvenjulegt í íslensku samhengi, enda hafa fræðimenn talið ritaðar heimildir betur til þess fallnar að lýsa samfélagi þessa tíma, auk þess sem tiltækt safn fornleifafræðilegra heimilda hefur ekki boðið upp á að margþættar ályktanir verði af því dregnar. Mikilvægt er að hafa í huga að íslensk fornleifafræði er vísindagrein í örum vexti, en hún ber þess jafnframt merki að hafa verið falið og stunduð af stórkostlegum vanefnum s.l. 100 ár. Þessar aðstæður hafa ljóslega haft afgerandi áhrif á þróun fræðigreinarinnar hér á landi, ekki einungis sem atvinnugrein, heldur sjálft inntak fræðanna, þ.e. viðfangsefnin og rannsóknarspurningarnar. Íslensk fornleifafræði hefur lengi snúist um að grafa upp einstaka tóftir og lýsa mannvirkjaleifum og gripum sem þar finnast. Þannig hafa á síðustu áratugum safnast margvíslegar upplýsingar um húsagerð og aðra verkmenningu, sem m.a. gera mögulegt að flokka mannvirki og áhöld eftir tegundum. Hinsvegar segir slík flokkun í raun lítið um fólkið sem bjó þessa hluti til. Frá miðri 20. öld hefur megináherslan í fornleifafræði víða erlendis færst frá því að vera formgerðarfræðilegar lýsingar á dauðum gripum yfir í að vera rannsókn á lifandi samfélagi og menningu horfinnar tíðar. Fornleifafræðingar rannsaka nú hvers eðlis þessi fornu samfélög voru, hver var efnahagslegur grundvöllur tilveru fólksins, táknræn gildi þeirra og trúarhugmyndir.

Grundvallarforsenda að rannsóknnum af þessu tagi er að til staðar sé álitlegt safn fornleifafræðilegra heimilda, og gagna um mikilvæga umhverfisþætti. Á allra síðustu árum hafa skapast aðstæður til rannsókna af þessu tagi á Íslandi: a) allsherjarfornleifaskráning, þar sem allar þekktar minjar í tilteknu sveitarfélagi eru kortlagðar, og b) stórir uppgreftir, þar sem þverfaglegar rannsóknir og öflugt alþjóðlegt samstarf er í algleymingi. Síðasta haftið í þessari þróun hefur verið fjármagn. Rannís hefur verið eini innlendi aðilinn sem kostað hefur að gagni fornleifarannsóknir hérlendis Með nýrri stefnu Rannís um stærri verkefni hafa opnast leiðir til að ná lengra, og fengu aðstandendur þessa verkefnis tækifæri til að láta reyna á kraftana er Rannís veitti öndvegissstyrk til verkefnisins árið 2002.

Þetta rannsóknarverkefni var fyrsta tilraun í þá veru að leita kerfisbundið svara við fjölmörgum, ólíkum spurningum sem hverri um sig er ætlað að varpa ljósi á samfélag landnámsaldar og þróun þess. Til þess þarf þverfaglega rannsókn og að þessu verkefni stóð hópur sérfræðinga sem hefur starfað saman í nokkur ár og þróað sínar aðferðir við íslenskar

aðstæður. Þessar rannsóknir hafa að heildarmarkmiði að draga upp mynd af samfélagi og efnahag fornaldar, og nálgast þau markmið með ítarlegum athugunum á völdum þáttum. Þeir eru t.a.m. húsagerð (efniviður, stærð), eldiviður, innfluttir gripir, heimaferð efni til áhaldagerðar, landgæði, ræktun, beit, samgöngur, veiðar, stéttaskipting, næring og heilsufar, táknfræði valds og trúar.

Rannsóknir Fornleifastofnunar Íslands hófust á Hofstöðum 1991 og hafa frá 1996 verið starfandi þar hópar vísindamanna við rannsóknir á framvindu landnáms og áhrif mannsins á umhverfið og áhrif umhverfis á mannlíf á þeim tíma þegar íslenskt samfélag var að mótast í árdaga. Það varð fljótt ljóst að æskilegast væri að rannsaka Hofstaðaminjar í stærra samhengi, t.a.m. með því að rannsaka héraðið sem heild. Árið 1996 var hafin fornleifaskráning í Mývatnssveit (henni lauk 1999 og voru þá á skrá 1250 minjastaðir). Þá var unnin svæðiskráning í allri Suður-Þingeyjarsýslu (1996, 2000-2001) og sömuleiðis aðalskráning á Tjörnesi (1999). Óvenju stórt og ítarlegt gagnasafn, með yfir 8800 minjastöðum, liggur því til grundvallar rannsóknum á menningarlandslagi héraðsins á víkingaöld. Fyrsti áfanginn í rannsókn annarra minjastaða en Hofstaða var 1999 þegar uppgröftur hófst í Sveigakoti. Sá uppgröftur skilaði miklum fróðleik - og var ekki síst augljós hagur í að hafa gögn til samanburðar við niðurstöður frá Hofstöðum. Í framhaldi þar af voru gerðir könnunarskurðir í sorphauga í Selhaga og á Hrísheimum í Mývatnssveit árið 2001. Sama ár var gerð athugun á þingstað í Skuldaþingsey og úttekt á viðamiklu kerfi hlaðinna garða á svæðinu. Hófst þá nýr áfangi rannsókna á þessum stöðum, að þessu sinni undir merkjum verkefnisins “Landnám og menningarlandslag”. Þar sem samanburður á gögnum frá Hofstöðum og Sveigakoti hafði gefið góða raun og aukið skilning á gangi landnáms í Mývatnssveit var freistandi að finna aðra staði í Mývatnssveit og í sveitum norður til sjávar sem hentað gætu til sambærilegra rannsókna. Rannsóknir á þessum stöðum voru ekki fyrirhugaðar sem heildaruppgreftir heldur fyrst og fremst reynt að fá mynd af eðli og tímasetningu byggðar og grafið í öskuhauga til að fá samanburðarefni við gagnasöfnin frá Hofstöðum og Sveigakoti. Verkefnið var einnig fólgið í að rannsaka aðrar minjar en búsetustaði, þ.e.a.s. garðlög, þingminjar og kuml. Hin miklu garðlög sem enn má sjá víða á heiðum í Suður-Þingeyjarsýslu – allt frá Tjörnesi til Mývatns – hafa vakið töluverða athygli. Eru þau skýrt dæmi um þá möguleika á samfélagslegum rannsóknum sem fornleifafraeðin býr yfir. Garðlögin eru áþreifanlegur vitnisburður um mikla fjárfestingu og bera vitni um skipulag sem ekki kemur vel heim og saman við lýsingar miðaldaheimilda á íslensku samfélagi. Þau eru því lykill að skilningi á félagsgerð og stýringu á aðgangi að landgæðum. Lítið hefur reynt á gildi þingminjarannsóknar til þessa, en á svæðinu eru merkar minjar, t.a.m. í Skuldaþingsey, Þingey og á Leiðarnesi.

Athuganir á þessum minjum voru nauðsynlegar til að draga upp heildarmynd af byggð og samfélagi í héraðinu. Loks voru þekktir kumlfundir skráðir og leitað óþekktra kumla í samhengi við landslag og byggðapróun. Talsvert skortir á að traust gögn liggi fyrir um gróðurfar við landnám á rannsóknarsvæðinu og var veigamikill hluti verkefnisins að afla slíkra gagna, einkum með frjókornagreiningu.

Verkefnið er nýr áfangi í samstarfi Fornleifastofnunar Íslands við nokkra aðila sem flestir hafa starfað saman innbyrðis við ýmis verkefni á síðustu árum. Er það annarsvegar vinnuhópur íslenskra og skoskra fornleifafræðinga (INIS) sem stofnaður var 1998 og hefur síðan þá unnið að þróun verkefna, nemendaskiptum og margvíslegu samstarfi. Styrkti Rannís upphaf þessa samstarfs. Kjarni þessa hóps er Fornleifastofnun, landfræðideildin í Edinborg og umhverfivísindadeildin í Stirling. Hinsvegar er það NABO, samtök fornleifafræðinga og fornvistfræðinga við N-Atlantshaf, sem hefur aðsetur í New York. Hafa samtökin lyft grettistaki í rannsóknum og kennslu í þessum heimshluta.¹ Helstu rannsóknarstofnanir sem þátt taka í verkefninu eru Fornleifastofnun Íslands, Háskóli Íslands, Hunter College (CUNY), Brooklyn College (Sophia Perdikaris), Háskólinn í Stirling, Háskólinn í Edinborg, Háskólinn í Osló, Fornleifa- og þjóðfræðistofnun pólsku vísindaakademíunnar og Náttúrurannsóknarstöðin á Mývatni.

Verkefninu stjórnðu Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. Aðrir stjórnendur voru Gavin Lucas fornleifafræðingur, Thomas McGovern beinafræðingur, Ian Simpson jarðvegsfræðingur, Christian Keller fornleifafræðingur, Przemyslaw Urbanczyk fornleifafræðingur, Andrew Dugmore landfræðingur, Hildur Gestsdóttir fornmeinafræðingur, Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur, Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur, Karen Milek jarðvegsfræðingur, Árni Einarsson líffræðingur, Oscar Aldred fornleifafræðingur, Garðar Guðmundsson fornvistfræðingur og Magnús Á. Sigurgeirsson gjóskulagafræðingur. Þessir einstaklingar hafa allir unnið að ýmsum verkefnum á sviði fornleifafræði og fornvistfræði á Norður-Atlantshafssvæðinu. Þeir hafa flestir unnið saman að verkefnum með einum eða öðrum hætti s.l. áratug og allir verið í nánú samstarfi síðan 1998. Aðrir vísindamenn voru Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Birna Lárusdóttir sem unnu fornleifaskráningu á völdum svæðum, Sophia Perdikaris, Magda Natumeina, Robert Zukowski, Anies Hassan og Adrian Chadwick unnu við uppgröft, Timothy Horsley jarðeðlisfræðingur (Bradford) gerði fjarsjármælingar, Jim Woollett vann við beinarannsóknir, Dr. Anthony Newton (Edinborg) jarðfræðingur

¹ Sjá: McGovern, Thomas H. 2004 North Atlantic Biocultural Organization (NABO) 10 years on: Science, education, and community. *In* Atlantic connections and adaptations: economies, environments and subsistence in lands bordering the North Atlantic. Rupert Housley, and Geraint M.

rannsakaði gjóskulög, Amanda Thomson landfræðingur (Stirling) Paul Adler (Cambridge), Ian Lawson, Michael Church og Andy Kerr (Edinborg) rannsökuðu beit og gróðurfar og aðra umhverfisþætti, Dr. Colleen Batey (Glasgow/FsÍ), Natascha Mehler og Guðrún Alda Gísladóttir sáu um rannsóknir á forngripum, auk Amanda Forster (Bradford) sem rannsakaði steináhöld og uppruna þeirra. Forvörslu gripa annaðist Jannie Ebsen. Til aðstoðar við undirbúning og framkvæmdir var Ólöf Þorsteinsdóttir skrifstofustjóri.

Fornleifaskólinn var settur á stofn á Hofstöðum árið 1997, og hefur verið haldinn á hverju sumri síðan þá. Hlutverk skólans er að auka þekkingu nemenda, bæði íslenskra og erlendra, á íslenskri fornleifafræði. Nemendur, hvaðanæva úr Evrópu og Norður-Ameríku hafa tekið þátt í námskeiðum skólans þar sem þeim eru kennd undirstöðuatriði íslenskrar fornleifafræði. Námskeiðið er haldið 4 vikur á hverju sumri og samanstendur af uppgrefti, fornleifaskráningu, fyrirlesturum, málstofum og verklegum tímum, í umsjá fornleifafræðinga og annarra vísindamanna. Þátttakendur í fornleifaskólanum þurfa að hafa hafið nám í fornleifafræði og einnig er æskilegt að áhugasvið þeirra tengist íslenskri fornleifafræði eða fornleifafræði Norður- Atlantshafssvæðisins. Skólastarfið fór fram samhliða rannsóknunum í S-Þingeyjarsýslu árin 2002-2004, og var lögð sérstök áhersla á meginþemu rannsóknarverkefnisins í kennsluefninu með ánægjulegum árangri. Fjölmargir nemendur á öllum námsstigum háskóla komu við sögu: Aaron Kendall, Carrin Halffman, Jane Hamill, Matthew Brown (CUNY), Rúnar Leifsson, Sarah Thomas, Yekatarina Krivogorskaya, Deidre Collins, Florian Preiss, Judith Bischoff, Konrad Rydz, Martin Jurgensen, Óskar Sveinbjörnsson, Alix Sperr, Andrew Casely, Anthony Newton, Jennifer Braun, Jón Óskar Jónsson, Marianna Betti, Ragnar Edvardsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Hrönn Konráðsdóttir, Benedicte Furuland, Kristjana Eyolfsson, Jeppe Brun Skovby, Mette Svinding, Johan-Terje Hole, Mogens Höegsberg, Ramona Harrison, og Stefán Ólafsson, Mary Melnik, Juha Mikael Marttila, Alexandra Sanmark og Gordon Punshon, Salena Modugno, Michael Church, Janneke Zuyderwyk, Sophie Nicol, og Leifur Þór Þorvaldsson.

Allnokkur lokaverkefni hafa orðið til við þátttöku nemendanna, t.a.m. BSc ritgerðir við Stirling háskóla (S. Beveridge (1998). Cultural and climatic effects on fuel use in north east Iceland, 905-1150 AD. University of Stirling, 84 pp.; J. Cluett (2002). Land degradation in early settlement winter grazing areas in Iceland: implications for understanding site success and failure. University of Stirling, 92 pp.; S. Morrison (2004). Historical land degradation in Iceland: the effects of grazing on summer shieling areas. University of Stirling, 89 pp.; K.

Wheeler (2005). A study of historical land degradation in pre-modern Iceland. University of Stirling, 75 pp.; T. Games (2005). Historical fuel use in settlement Iceland. University of Stirling. 72 pp.) MA og M Res ritgerðir við Stirling (S. Morrison (2005). The contribution of summer grazing towards historical landscape degradation in northern Iceland: an integrated cross-disciplinary approach. University of Stirling, 111pp.) og NY háskóla (Aaron Kendall (2005) Artifact Comparison from Hofstaðir and Sveigakot: Two Viking Age Farm Sites. Master of Arts Dissertation. Hunter College of the City University of New York). Loks eru nokkrar doktorsritgerðir sem byggja á rannsóknarefni verkefnisins að hluta:

- University of Bradford: Timothy Horsley (2005) Ph.D. *Archaeological Prospection in Iceland*.
- Glasgow University: Smith, M. H. (2004). *Draupnir's Sweat and Mardöll's Tears. An Archaeology of Jewellery, Gender and Identity in Viking Age Iceland*. Oxford.
- Université de Lille III: Thèse de doctorat : Bruno Berson (2004) *L'homme et l'animal en Islande au moyen-âge 9e-14e siècles* soutenue le 14.12.04 à l'Université de Lille III.
- Cambridge University: Milek, K. (ólókið) Rannsóknir á fornum híbýlum.


Aðalstyrktaraðili verkefnisins var Rannís, sem veitti höfðinglegan styrk, þ.e. öndvegisstyrk árin 2002-2004. Jafnframt hafa eftirtaldir aðilar styrkt verkefnið: Bandaríski vísindasjóðurinn (NSF, National Science Foundation), National Geographic Society, og NOS-H. Einnig nýtur verkefnið góðs af framlögum þeirra stofnana sem taka þátt í því og ómetanlegum stuðningi samtakanna NABO. Verk unnin fyrir Húsavíkurkaupstað og Vegagerðina hafa einnig fallið að ýmsum þáttum rannsóknarinnar í heild.

Vilja höfundar skýrslunnar þakka öllum þeim sem tóku þátt í rannsóknunum, sem og þeim sem veittu margskonar hjálp. Sérstakar þakkir fá Hofstaðabændur, Ásmundur og Guðmundur Jónssynir fyrir gestrisni og höfðingsskap.

Fjölmarginar skýrslur og greinar hafa verið birtar um rannsóknirnar. Leitast hefur verið við að kynna heimamönnum rannsóknina og birtar um hana alþýðlegar greinar og ítarlegri skýrslur, þar sem greint er frá fyrstu niðurstöðum. Einnig hefur verið komið upp vefsvæði þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um verkefnið. Þann 12. ágúst 2002 var haldinn fundur á Hofstöðum um fornleifar og ferðamál, með aðstandendum rannsóknarverkefnisins og menntamálaráðherra, fulltrúum stjórnvalda, sveitarstjórnar, ferðamálafulltrúa og ferðapjónustuaðila í héraði og næsta nágrenni. Lagðar voru fram hugmyndir að kynningu á fornleifum á Hofstöðum og nágrenni sem unnar voru af Fornleifastofnun og arkitektunum

Olgu G Sigfúsdóttur, Jóhanni Sigurðssyni og Anne Claudia Wegner. Vinna arkitektanna var kostuð af Kísilgúrsjóði. Byggja þessar hugmyndir m.a. á rannsóknargögnum og niðurstöðum LML verkefnisins, t.a.m. um húsagerð, búskaparhætti og veiðar sem einkennast af varfærinni sambúð við náttúruna en ekki rányrkju. Niðurstaða fundarins var að hefja samstarf ólíkra aðila að uppbyggingu á kynningaraðstöðu fyrir fornleifar á svæðinu. Árangur hefur víða verið kynntur á ráðstefnum, t.a.m. á þingi Félags íslenskra fornleifafræðinga í janúar 2004, og á ráðstefnu NABO í Kaupmannahöfn í maí 2004 var sérstök dagskrá helguð rannsóknum á Hofstöðum og nágrenni.

Í þessari skýrslu verður greint frá einstökum þáttum verkefnisins í stuttu máli, til fróðleiks og kynningar. Verkefnið er viðamikið, og fyrirliggjandi útgáfa á niðurstöðum mikil að vöxtum. Í þessari greinargerð er lögð áhersla á að gefa bókfræðilegt yfirlit um fyrirliggjandi og væntanlega útgáfu á niðurstöðum verkefnisins



Mynd 1. Helstu rannsóknarstaðir sem nefndir eru í skýrslunni.

Hofstaðir í Mývatnssveit

Rannsóknir á Hofstöðum í Mývatnssveit hófust árið 1991 og varð árið 2002 lokaáfangi uppgrftar á stóru skálatóftinni þar jafnframt liður í verkefninu Landnám og menningarlandslag.

Á Hofstöðum í Mývatnssveit eru einhverjar viðamestu minjar frá víkingaöld sem þekktar eru á Íslandi. Fyrst var grafið þar árið 1908, skáli sem var talinn vera hof. Árið 1991 hóf Fornleifastofnun Íslands rannsóknir á búsetuminjum þar og fór uppgröftur fram árið 1992, og sleitulaust frá árinu 1995 að telja.² Sumarið 2002 var því níunda sumarið sem grafið var á Hofstöðum, og uppgrefti á skálanum og viðbyggingum hans lokið.³

Skálagólfið hafði að mestu verið grafið upp 2001 og því var áhersla lögð á að skoða uppbyggingu skálans. Einnig var grafið utan við hann til að athuga upphleðslu jarðvegs á meðan skálinn var í notkun og eftir að hann var yfirgefinn. Undir gólfinu í skálanum komu í ljós raðir af stoðarholum og undirstöður undir milliveggi og þil. Eldstæðin reyndust vera tvö, og í norðurenda fundust stórir pyttir sem ekki er ljóst til hvers hafa verið notaðir. Lokið var rannsókn á viðbyggingu við norðurenda skálans. Hún hafði verið töluvert sködduð af húsi með stæðilegum steinhleðslum sem hafði verið byggt ofan á hana á miðöldum. Margvísleg ummerki um viðgerðir á skálanum hafa komið í ljós, stoðir hafa t.a.m. ljóslega verið færðar úr stoðarholum upp á stoðarsteina - enda hefur húsið þarfnast viðhalds, þar sem það hefur verið notað í u.þ.b. 100 til 150 ár. Allur skálinn og afmarkað svæði í kringum hann hefur nú verið rannsakað og í ljós hafa komið sjö mannvirki utan veggja skálans. Þó er alls ekki víst að allar byggingar frá víkingaöld á þessum stað séu fundnar. Önnur mannvirki gætu verið utan við rannsóknarsvæðið, einkum suðvestan við það. Þar benda jarðsjármælingar til að enn eitt jarðhús gæti verið. Einnig gætu aðrar byggingar leynst lengra frá rannsóknarsvæðinu, t.d. undir bæjarhólnum. Hinsvegar hafa öll mannvirki innan rannsóknarsvæðisins verið könnuð að fullu.⁴

² Um fyrri rannsóknir sjá: Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson (1998). "Hofstaðir í Mývatnssveit - Yfirlit 1991-1997." *Archaeologia Islandica* 1: 58-73.

³ Þessi samantekt er byggð á skýrslu uppgrftarstjóra: Lucas, G., Ed. (2003). Hofstaðir 2002. Framvinduskýrslur/Interim Report. FS193-910110. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

⁴ Nýtt yfirlit um rannsóknir á Hofstaðaskálanum er væntanlegt: Lucas, G. (in prep). "Víkingsaldarbyggðin á Hofstöðum í Mývatnssveit." *Árbók hins íslenska fornleifafélags*.

Hofstaðakirkjan

Árið 1999 kom í ljós kirkjutóft og grafreitir frá miðöldum með vel varðveittum beinaleifum, um 100 m sunnan við stóru skálatóftina á Hofstöðum. Hófst þar uppgröftur og er markmiðið að grafa upp allan kirkjugarðinn til að afla heildstæðs efniviðar til fornmeinarannsókna. Varð rannsóknin liður í LML verkefninu árið 2002, enda geta líkamsleifar manna gefið mikilvægar vísbendingar um samfélagsgerð að fornu.⁵

Uppgröftur í kirkjugarðinum var takmarkaður sumarið 2002, þá var aðeins grafið í bænhúsinu sjálfu og þeim hluta lokið, en ekkert í kirkjugarðinum.⁶ Árið 2003 var allt uppgraftarsvæðið opnað á ný og stækkað í 12,8 x 18,9 m. Um 40 nýjar grafir fundust, flestar sunnan við bænhúsið þar sem flestar barnagrafirnar virðast vera, en einnig bættust við nokkrar grafir á norður- og austurhluta svæðisins. Sumarið 2004 var uppgraftarsvæðið opnað aftur en ekki stækkað. Við uppgröft á bænhússtæðinu komu í ljós tvær nýjar stoðaholur austan við það, sem bentu til þess að bænhúsið, sem grafið var upp 2002, hafi verið byggt ofan á eldra hús. Ekkert hefur varðveist af því fyrir utan fjórar stoðaholur, sem benda til þess að það hafi verið 4 x 4,5 m, og hafi snúið austur-vestur. Við upphaf sumarsins voru um 90 grafir þekktar, og voru 44 þeirra grafnar upp sumarið 2004. Í þessum 44 gröfum voru 48 beinagrindur. Flestar grafirnar eru austan og sunnan við bænhúsið, og nánast allar grafir sem eftir er að grafa upp eru á austanverðu uppgraftarsvæðinu. Líklegt er að tala grafa á svæðinu eigi eftir að hækka, sérstaklega sunnan og suðvestan við núverandi uppgraftarsvæði. Kirkjugarðurinn virðist hafa verið í notkun frá því á 11./12. öld og fram á 15. öld, en nákvæmari tímasetningar fyrir einstakar grafir hafa ekki fengist enn. Svo virðist sem kirkjugarðinum hafi verið skipt eftir kyni, konur grafnar norðanmegin og karlar sunnanmegin (þó á enn eftir að rannsaka þær beinagrindur sem grafnar voru upp 2004 til að staðfesta þetta). Einnig virðast börn vera grafin næst bænhúsinu. Kistur eru í um helmingi grafanna sem hafa verið grafnar upp, í flestum

⁵ Um framvindu rannsókna fram til 2002 sjá: Hildur Gestsdóttir (1999). The Medieval Churchyard. Hofstaðir 1999. G. Lucas. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS102-91017: 44-54; - (2001). The Medieval Chapel and Churchyard. In: G. Lucas (ed.) Hofstaðir 2000; - (2001). Palaeopathology. In: G. Lucas (ed.) Hofstaðir 2000. Reykjavík; - (2002). Analysis of the Human Skeletal Remains. In: G. Lucas, ed. Hofstaðir 2001. FS167-91019. Reykjavík; - (2002). Area Z. In: G. Lucas, ed. Hofstaðir 2001. FS167-91019. Reykjavík.

⁶ Frásögnin byggir á skýrslum uppgrftarstjóra, sjá: Hildur Gestsdóttir (2003). The Chapel. Hofstaðir 2002. G. Lucas. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands. FS193-910110: 26-28; - (2004). Hofstaðir 2003.

tilfellum einfaldar, rétthyrndar kistur með einum nagla í hverju horni. Í nokkrum tilfellum er greinilega verið að endurnýta við þar sem allt að 100 naglar hafa fundist í einni gröf. Flestir eru grafnir á bakinu, með hendur lagðar yfir mjaðmirnar, fótleggir eru beinir, og í sumum tilfellum hafa fæturnir verið krosslagðir. Mjög fíngerð svört aska hefur verið lögð á bringu allra. Tekin hafa verið sýni af ösku og þau rannsökuð, en ekki hafa fengist neinar niðurstöður til þessa. Varðveisla beina er misjöfn en í flestum tilfellum mjög góð, og munu beinagrindurnar úr kirkjugarðinum á Hofstöðum verða mikilvægur þáttur í mannabeinarannsóknunum á Íslandi.

Fornleifauppgröftur á Sveigakoti

Á Sveigakoti í Mývatnssveit er bæjarstæði frá víkingaöld. Það er í suðurjaðri byggðarinnar, 286 m yfir sjávarmáli. Sveigakot var smábýli, andstætt stórbýlinu Hofstöðum sem er um 12 km norðvestan við það. Bæjarstæðið fannst við fornleifaskráningu sumarið 1998, þar sem öskuhaugur og mannvirkjaleifar sáust á yfirborði. Uppgröftur hófst sumarið 1999, og kom þá í ljós öskuhaugur á milli gjóskulags sem nefnt hefur verið landnámslagið (AD 871±2) og gjóskulags úr Veidivötnum (um AD 950).⁷ Í öskuhaugnum var mikið af vel varðveittum dýrabeinum og einnig talsvert af gripum. Árið 2002 varð uppgröfturinn liður í verkefninu “Landnám og menningarlandslag”. Rannsakað var jarðhús í suðurenda bæjarstæðisins. Öskuhaugur fyllti húsið eftir að hætt var að nota það, og því tilheyrir það greinilega ekki síðasta byggingastigi staðarins. Notkun jarðhússins hefur verið tímasett til áronna í kringum 1000. Eldstæði var í jarðhúsinu og bekkir meðfram veggjum, sem þýddi að mjög lítið gólfpláss var í því, og hefur það líklegast verið vinnustofa og hugsanlega híbýli fyrir einn eða tvo menn. Jarðhúsið hafði verið grafið ofan í eldri, óreglulegan niðurgröft, sem virðist hafa verið einhverskonar geymsla. Við frekari rannsókn kom í ljós að jarðhúsið er í raun bakherbergi á miklu stærra húsi, niðurgrafinni byggingu, um 8x3,5 m með eldstæði í miðju gólfi. Einnig kom í ljós sérkennileg lítil gryfja, nánast þríhyrnd, við gaflinn á bakherberginu.

Framvinduskýrsla/Interim Report. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands; - og Guðmundur I. Eyjólfsson (2005). “Mergæxli í fornri beinagrind frá Hofstöðum í Mývatnssveit.” Læknablaðið 91: 505-9.

⁷ Um uppgröft á Sveigakoti, sjá: Orri Vésteinsson (ed.) (2003). Archaeological investigations at Sveigakot 2002. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands; - (2003) Archaeological investigations at Sveigakot 2002, FS206-00213; - (2004), Archaeological investigations at Sveigakot 2003, FS242-00214; - (2005) Archaeological investigations at Sveigakot 2004, FS265-00215.

Rannsaður var lítill skáli á norðurenda bæjarstæðisins. Skálinn er óvenjulítill, en annars með hefðubundnu víkingaaldarlagi, eldstæði í miðju og bogadregnum veggjum og bekkjum meðfram þeim. Eftir að þessi skáli var tekinn niður seint á 11. öld eða snemma á þeirri 12. virðist staðurinn hafa verið í eyði um skamma hríð en síðan var byggður annar og mjórri skáli í tóft hins eldri. Sá yngri er með beinum veggjum og búi aftanvið og hugsanlegu fjósi við annan endann. Þetta yngra mannvirki var trúlega notað í mjög stuttan tíma, þar sem Sveigakot virðist hafa lagst í eyði undir lok 12. aldar. Sumarið 2003 var lokið við uppgröft skálans. Undir gólfinu komu í ljós ummerki um elsta byggingarstig hans, leifar af elstæði og stoðarholur. Stétt hefur legið frá dyrum á gaflinum á yngsta skálanum. Þegar sá skáli var byggður, í tóft þess elsta, var austurgaflinn á elstu byggingunni rifinn og yngra húsið því haft um 2 m styttra, með dyr á gaflinum og frá þeim lá stéttin. Bygging gæti hafa staðið á þessu svæði áður en stéttin var lögð, því allmörg gólf- og yfirborðslög fundust, sem og eldstæði, einkum við NA horn stéttarinnar. Engin merki fundust um veggi eða stoðarholur og er því hugsanlegt að þarna hafi ekki verið hús undir þaki heldur e.k. athafnasvæði. Í ljós kom að elsti veggur skálans er byggður beint ofan á gjóskulag frá um 950. Undir því og skálanum eru allmargar stórar óreglulegar gryfjur og a.m.k. eitt eldstæði sem virðist hafa verið utandyra. Það eldstæði er elsta mannvirkið sem grafið hefur verið fram á Sveigakoti og er frá tímabilinu 871 - um 950. Önnur stétt kom í ljós sunnan við skálann. Stéttin er eldri en skálinn og tengist sennilega byggingu sem hefur staðið fast sunnan við skálann. Ummerki um norðausturhorn þeirrar byggingar komu í ljós en ekki vannst tími til að kanna hana nánar. Hún er niðurgráfin og meira en 2 m breið og 4 m löng. Um 10 m sunnan við hana er önnur niðurgráfin bygging, sem virðist vera um 8 m löng og tæplega 4 m breið. Grafið var ofan af þeirri byggingu en ekki farið ofan í hana. Yfir suðausturhluta þeirrar byggingar voru allþykk öskulög með talsverðu af beinum og gripum. Þessi lög eru nyrstu angarnir af öskuhaugnum sem að mestu var grafinn upp 1999-2001. Það að haugurinn er yfir fyllingunni í byggingunni bendir til að hún sé með þeim elstu á Sveigakoti.

Nyrst á rannsóknarsvæðinu var kannað ílangt hús, eldra en litli skálinn sem rannsaður var í upphafi. Á síðasta skeiði hússins var í því röð af holum frá járnvinnslu. Á þeim tíma hefur mannvirkið annað hvort verið opin tóft án þaks eða veigalítil bygging reist í öðrum enda eldri tóftarinnar. Mikið af viðarkoli og smíðagjalli fannst í járnvinnsluholunum. Allstór skurður, eldri en holurnar, lá inn í tóftina á ská, og í sömu stefnu lágu nokkrar óreglulegar holur sem náðu lengra í norðaustur. Bæði skurðurinn og holurnar eru greinilega mannaverkið, en ekki er ljóst til hvers þau hafa verið. Elsta byggingin er ílöng, 11 x 4,4 m að innanmáli og í henni 9 m löng steinlög eftir miðju húsi. Á þessu stigi er hús þetta túlkað sem fjós. Síðastnefnda húsið,

skurðurinn og smiðjan er allt eldra en gjóskulag frá því um 950.

Við athugun á miðju minjasvæðisins kom í ljós niðurgröftur, flókinn jarðlagastafli og frekari byggingaleifar. Mörg ruslalög voru grafin upp og lágu þau yfir leifum að minnsta kosti tveggja niðurgráfinna húsa. Reyndist annað húsið vera 5 x 4 m að innanmáli með dyr nyrst á austurvegg. Á síðasta notkunarskeiði hafði stór, kringlótt hola verið grafin í gegnum gólfíð og er hún trúlega sáfar. Samhangandi gólflög lá frá því innan í þessu niðurgráfnu húsi út gegnum dyrnar og út fyrir húsið til norðausturs. Þar voru tvö eldstæði sem greinilega tilheyra gólfláginu. Þetta gætu verið leifar af öðru húsi eða athafnasvæði utanhúss. Nokkru austar má sjá reglulegan niðurgröft, u.þ.b. 4 x 3 m að stærð. Þar gæti verið annað jarðhýsi, en það hefur ekki verið kannað enn.

Töluvert fannst af gripum við uppgröftinn, þar á meðal drekahöfuð skorið í bein, líklega haus af beinþrjóni, hnappur af kúptri bronsnælu frá víkingaöld og járnhalda af fötu. Allmikið fannst af gjalli, sem bendir til töluverðrar járnframleiðslu og -smíða, en líklega um skamman tíma, sennilega um miðbik og á síðari hluta 10. aldar. Við uppgröftinn 2004 fundust leifar bygginga sem eru eldri en gjóskan V~950. Að minnsta kosti þrjú hús, hugsanlega allt að sex, höfðu verið reist á staðnum áður en hún féll. Eru þessi hús elstu byggingar sem tímasettar hafa verið á Norðurlandi til þessa.

Rannsókn á dýrabeinum sýnir að í upphafi hafi búskapur í Sveigakoti verið sambærilegur við Hofstaði. Til að byrja með var hátt hlutfall af nautgripum og svínunum á móti sauðfé og bein úr sjávarfiskum sýna að Sveigakot hefur haft tengsl við sjávarsíðuna, um 60 km í norðri. Hins vegar bendir allt til þess að eftir aldarlanga búsetu á jörðinni, eða um það leyti sem Hofstaðir voru að byggjast, hafi farið að halla undir fæti, sem leiddi til þess að jörðin lagðist í eyði seint á 12. öld. Sú spurning vaknar hvort kenna megi ofbeit og skógarhöggi um eyðingu byggðarinnar eða hvort þjóðfélagslegar eða pólitískar aðstæður hafi haft þar áhrif.

Hrísheimar

Bæjarstæði Hrísheima er SSV við Mývatn, u.þ.b. 500 m suðaustur af bænum Heiði. Bæjarstæðið er í lægð, umkringgt að norðan og vestan af gróðursnauðum hæðum. Austanmegin við bæjarstæðið er mýri sem teygir sig í austurátt. Sunnan við Hrísheima eru blásnir melar. Lengi hefur verið kunnugt um blásnar leifar eyðibæjar á Hrísheimum, og voru þær lítillaga kannaðar árin 2001 og 2002. Í ljós kom að þar voru allmargar og mjög fornar rústir sem og

leifar af stórum öskuhaug, með mörgum lögum og vel varðveittum beinaleifum. Hafist var handa við uppgröft á haugnum 2003 og frekari athugun á mannvirkjaleifum.⁸ Sýnilegar fornleifar voru mældar upp og kortlagðar. Auk blásinna rústahóla vottar fyrir leifum garðlaga á hæðarbrúnum. Á Hrísheimum er áberandi hóll, sem talinn er vera sjálfur bæjarhóllinn. Var öskuhaugurinn vestan í honum og fyllti hann litla byggingu sem reyndist vera jarðhýsi. Þegar öll mannvistarlög höfðu verið fjarlægð innan úr húsinu kom fram ílöng vistarvera um það bil 4 x 3 metrar, sem sneri norður og suður. Meðfram austur- og vesturvegg voru stoðarholur. Lítið eldstæði hafði verið í húsinu austanverðu. Gengið hafði verið inn í húsið að austan. Dyrnar voru illa varðveittar, en þar var þó stór steinhella og undir henni renna. Við áframhaldandi uppgröft kom í ljós að sorphaugurinn náði lengra í norður og var uppgraftarsvæðið því stækkað í þá átt. Þegar mikið af sorplögum hafði verið fjarlægð komu í ljós útlínur annars jarðhýsis. Það snýr eins og hið fyrra og virðist svipað að stærð og lögun. Varðveisluskilyrði reyndust einstaklega góð í öskulögunum og fundust u.þ.b. 170 gripir við uppgröftinn. Meðal þessara gripa voru: beinkambur, beinprjónar, hlutir úr bronsi og járn. Um 60 m vestan megin við bæjarhólinn var grafinn upp járnvinnslustaður. Þar fundust 19 litlir og 2 stórir rauðablástursofnar og bendir það til þess að mikið magn járnshafi verið unnið á Hrísheimum, yfir langt tímabil. Þar voru 19 litlir bollalaga skurðir sem sennilega eru leifar af einföldum bollalaga ofnum eða hlöðnum ofnum sem voru teknir sundur eftir notkun til að komast að járninu. Stærri hlöðnu ofnarnir eru leifar af rauðablástursofnum af annari tegund. Líklegt er að þessar minjar séu frá tímabilinu 950 - 1158 e.kr. Gerð var leit að mögulegum kumlstæðum. Austan við mýrina austan bæjarhóls er aflöng þúst, 11x3 m og snýr N-S. Við lauslega athugun með grefti kom í ljós að þústin geymir leifar af e.k. mannvirki. Undir fokmoldarlagi í norðurenda var grá móaska og kolablettir. Norður af bæjarhólnum, uppi á hæðarkambinum var steinhrúga, sem líktist helst hruninni vörðu. Er steinarnir voru fjarlægðir virtist sem undir þeim væri aflöng gryfja, um 2 m löng og um 1 m breið. Í gryfjunni fundust 2 bein, hundsbein og hreindýrsbein. Við AMS aldursgreiningu á geislakoli í beinunum komu fram óvæntar niðurstöður. Hreindýrsbeinið reyndist vera frá ofanverðri 18. öld, sem reyndar kemur ekki á óvart, enda í samræmi við þá staðreynd að hreindýr voru fyrst flutt til landsins á þeim tíma. Hundsbeinið hinsvegar reyndist vera frá 770-890 e.kr. Gæti þarna hafa verið kuml, sem síðar hefur verið raskað, en ekki er ljóst hvernig túlka megi þennan óvenjulega samsetta fund.

⁸ Um uppgröftinn sjá: Ragnar Edvardsson (2003) Hrísheimar, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík,

Höfðagerði

Höfðagerði er austan undir Ytri-Höfða, sem er annar tveggja höfða á eystri bakka Laxár, um 800 m SV af bænum á Núpum í Aðaldal. Á þessum stað eru að minnsta kosti 20 forn mannvirki, 3-4 túngarðar og önnur garðlög. Árið 2002 hafði verið gerð lítilsháttar athugun á staðnum, en 2003 var ráðist í viðameiri fornleifarannsókn sem lauk árið 2004. Markmið rannsókna var að leita vísbendinga um aldur byggðarinnar og gera ítarlega rannsókn á einu mannvirkjanna.⁹

Minjasvæðið var kannað með prufugrefti í tóftir og garðlög og svo virðist sem byggð hafi hafist fyrir 1104 (víkingaaldarþyrpingin), en færst til innan túngarðs einhverntíma eftir 1300 (miðaldabyggingarnar) og loks lagst í eyði fyrir 1477.

Gerð var fullnaðarrannsókn á stöku, aflöngu mannvirki (númer 3) norðantil í túninu. Veggir hússins voru úr torfi. Á stoðarholum mátti sjá að húsið hafði verið hólfað sundur og borð eða bekkir staðið meðfram veggjum. Gólfög voru ekki mjög harðtroðin. Mjög mikið var af litlum málm brotum í gólfi, og örsmáum málmörðum. Ekkert eldstæði fannst, en í einu horni hússins var svæði með eldsmerkjum. Á austurhlið hússins voru dyr og var þar útskot eða viðbygging. Annað op var gegnum suðurgafli. Utan við húsið var renna, allverkleg, samsíða útlínur hússins. Um 700 gripir fundust og vógu 12 kíló alls. Voru þar einkum eldsmerktir steinar úr sorplögum, og 2,5 kg af málm, s.s. rær, rónaglar, naglar og gjall. Nokkur brot úr klébergsílati fundust sem og járntöng. Þá fundust smábrot úr brenndum beinum, einkum í sorplögunum. Líkur eru á að túlka megi húsið sem smiðju en ekki er víst að framleiðslan hafi verið ætluð nema til heimilisnota. Samkvæmt afstöðu gjóskulaga hefur húsið verið fallið úr notkun fyrir 1104.

FS223-0322; - (2005) Hrísheimar 2004, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, FS278-03222.

⁹ Um rannsóknir á Höfðagerði, sjá: Aldred, Oscar (2003) Archaeological assessment, Höfðagerði, Núpur. 2002, FS207-02251; - (2004), Excavations at Höfðagerði 2003; Interim report, FS227-02252.

Saltvík

Við aðalskráningu fornleifa í norðanverðum Reykjahreppi árið 2002 gengu skráningarmenn fram á óþekktan minjastað suðvestur af bænum í Saltvík.¹⁰ Hann er í fremur flötu mólendi, grónu lyngi og kjarri. Þarna voru mjög fornlegar tóftir í þremur þyrpingum, og voru sumar áþekkar víkingaaldarskálum að sjá. Því þótti þessi staður áhugaverður fyrir rannsóknarverkefnið Landnám og menningarlandslag.¹¹ Sumarið 2003 voru grafnir könnunarskurðir í þrjár af tóftunum, einn skurður í hverri tóftaþyrpingu. Tilgangur verksins var að komast að hvort þetta væru íveruhús frekar en hlöður eða gripahús og einnig að ákvarða aldur þeirra út frá gjóskulögum. Allar reyndust tóftirnar sem kannaðar voru eldri en gjóskan frá 1477. Tvær þeirra líkjast skálum og mátti í báðum sjá lítilsháttar af gjóskunni V~950 í torfveggjum, og sýnir það að verið hefur mannvist á staðnum eftir þann tíma. Þykkt svart gólflag kom í ljós í einni tóftinni (A) og hugsanlega eldstæði í húsínu miðju. Í annarri tóft er líktist skálabyggingu (B) var gólflagið örþunnt. Þriðja tóftin (C) er miklu minni og líkist helst jarðhýsum sem áður hafa verið grafin upp á bæjum frá víkingaöld á Íslandi. Þessi bygging var fallin saman fyrir 1300. Á tveim stöðum voru holur sem minntu á röskuð kuml, rannsakaðar (D). Í þeim fundust mannabein auk leifa af gripum, sem styður þá niðurstöðu á uppgrefti húsanna að búseta hefur hafist snemma á þessum slóðum, væntanlega á 9. eða 10. öld.

Miðaldabyggð í Mývatnssveit

Pungamiðja verkefnisins “Landnám og menningarlandslag” voru uppgreftir á Hofstöðum og Sveigakoti, en markmiðið með rannsókn á öðrum bústöðum var að reyna með litlum tilkostnaði að tímasetja og skilgreina byggð í nágrenni þeirra til að fá betri mynd af þróun

¹⁰ Birna Lárusdóttir and Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2003). Fornleifaskráning í Reykjahreppi. Fyrri hluti. Reykjavík, FS195-02201, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

¹¹ Nánar er fjallað um uppgreftinn í eftirfarandi skýrslu: Orri Vésteinsson ritstj. (2004), Fornleifarannsóknir í Saltvík 2003, FS246- 03271, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík.

byggðar og samfélagsskipan á víkingaöld. Um athuganir á Hrísheimum og Höfðagerði hefur þegar verið fjallað. Auk fyrrnefndra staða var grafið á fimm öðrum bústöðum í Mývatnssveit: Steinboga í landi Helluvaðs, Oddastöðum í landi Grænavatns, Stöng og við Víðiker í landi Reykjahlíðar og Brennu í landi Geirastaða.¹²

Steinbogi. Steinbogi er eyðibýli allhátt uppi í brekkunni ofan við Laxá þar sem hún beygir til norðurs. Á þessum stað voru beitarhús frá Helluvaði á 19. öld en samkvæmt jarðabók Árna og Páls er Steinbogi fornt eyðibýli. Grafið var í gegnum túngarð sem byggður var skömmu eftur að V~950 gjóskan féll en áður en gosið í Heklu 1158 varð. Ummerki um mannvist sjást á nokkrum stöðum milli H-1158 og H-1300 en bærinn hefur verið kominn í eyði fyrir 1158. Í suðurhluta túnsins var grafin fram lítil bygging sem túlkuð var sem fjárhús og önnur sem var sambyggð túngarðinum og túlkuð sem heogarður. Grafið var í öskuhaug framan í bæjarhólnum og benda kolefnisgreiningar til að sá haugur sé frá um 1200, væntanlega lokaskeiði byggðar á Steinboga. Samsetning dýrabeinasafnsins er önnur en á eldri stöðum í Mývatnssveit sem rannsakaðir hafa verið til þessa. Á Steinboga er sauðfé allsráðandi, í svipuðum hlutföllum og þekkjast úr ritheimildum frá seinni öldum, en miklu minna að tiltölu af nautgripum og svín varla nokkur. Þetta safn bendir því til að umtalsverðar breytingar hafi orðið á búskaparháttum í Mývatnssveit á tímabilinu 1050-1200.

Brenna. Túnið í Steinboga hefur verið lítið (innan við 1 ha) og það ásamt staðsetningunni bendir til að Steinbogi hafi verið smábýli. Öðru máli gegnir um Brennu, sem er við Sandvatn, nyrst í landi Geirastaða. Þar hefur verið stórt tún (meir en 4 ha) og landrými í kring mikið, auk hlunninda í vatninu. Þar var grafið í tvo samhlíða túngarða sem báðir reyndust fallnir fyrir 1158. Einnig var gerð könnunarhola í öskuhaug við bæjarhólinn og komu þar í ljós vel varðveitt dýrabein, en ekki var reynt að taka sýni af þeim. Þó frekari rannsóknir þurfi til að staðfesta tímasetningu byggðar í Brennu, bendir flest til að bærinn sé eitt af frumbýlunum í Mývatnssveit en hafi farið í eyði mjög snemma. Líkur eru leiddar að því í skýrslunni að eyðing Brennu standi e.t.v. í sambandi við stofnun Hofstaða sem pólitískrar miðstöðvar í lok 10. aldar.

Oddastaðir. Oddastaðir eru nyrst í Sellöndum, um 5 km sunnan við Sveigakot, í landi

¹² Sjá uppgraftarskýrslur um staðina: Orri Vésteinsson, ed. (2003), Landscapes of settlement 2002. Reports on investigations at five medieval sites in Mývatnssveit, FS218-02261; Orri Vésteinsson (ed.) (2003) Fornleifarannsókn á Steinboga í Mývatnssveit 2002, FS189-02072.

Grænavatns. Þar er meðalstórt túnstæði og allmargar byggingar. Snið í gegnum túngarð sýndi að garðurinn var byggður allöngu eftir 950, e.t.v. á 11. öld, en að hann hefur verið hruninn fyrir 1158. Við athugun framan í bæjarhól sást að þar höfðu mannvistarlög hætt að hlaðast upp fyrir 1158. Í einum prufuskurði voru slitur af H-1158 sem gætu verið hreyfðar og væri það þá vísbending um mannaferðir á Oddastöðum eftir 1158. Jafnframt fannst öskuhaugur hjá bænum. Ljóst virðist þó að staðurinn hefur veirð kominn alveg í eyði fyrir 1300 en ummerki fundust um byggð milli 1477 og 1717, sem líklega má tengja við frásögn Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín af skammærri byggð á Oddastöðum í kringum 1680.

Stöng. Á Stöng, við Slýin norður af Reykjahlíð, var grafinn skurður í skálalaga byggingu. Sú bygging hefur verið fallin löngu fyrir 1477, en hversu löngu er ekki hægt að segja með vissu. Í byggingunni er kolagólf og eldstæði í miðju og virðist mega túlka hana sem skála. Allmiklar byggingar aðrar eru á þessum stað, en hraunið frá 1728 hefur runnið yfir hluta túnsins. Borað var í hinar tóftirnar og í tveimur þeirra sást H-1300 yfir mannvistarleifum. Líklegt verður að telja að Stöng hafi lagst í eyði fyrir 1300 eins og svo margir aðrir staðir í Mývatnssveit.

Tóftir hjá Víðikeri. Um 1 km norðaustar í Reykjahlíðarheiði eru tóftir og lítið hringlaga gerði utanum við Víðiker, en rústirnar sjálfar bera ekkert nafn. Könnunarhola í túngarð sýndi að hann hefur verið hruninn saman fyrir 1158. Af stærð gerðisins og umfangi tóftanna verður þó ekki ályktað að búið hafi verið á þessum stað, heldur hefur þetta fremur verið sel eða einhverskonar útstöð frá Stöng eða Reykjahlíð sem mjög snemma hefur lagst af.

Þingeysk kuml

Fram til ársins 2002 var kunnugt um 12 kumlstaði í S-Þingeyjarsýslu. Á árunum 2002-2004 var þess freistað að finna fleiri kuml á svæðinu. Öll þekkt kumlstaði voru skoðuð á vettvangi árin 1999-2004 og skráðar staðháttalýsingar. Síðan var leitað vísbendinga um kuml á öðrum stöðum. Markmið rannsókna var að auka við nýjum heimildum um byggð og þróun hennar í öndverðu, enda eru kuml oftast vísbending um að upphaf búsetu á þeim stað þar sem

þau finnast megi rekja aftur til landnámsaldar eða svo.

Um staðfræði kumla á svæðinu má segja að þau sverja sig mjög í ætt við önnur, venjuleg kuml í öðrum landshlutum. Flest þeirra falla að hinni dæmigerðu mynd. Kuml eru aldrei í óbyggðum, þau eru í nágrenni við bæina, oftast í um 300-600 m fjarlægð, alloft við gamlar leiðir og nærri landamerkjum eða útjaðri jarða. Vitaskuld þarf að gæta að því að sjaldnast liggja fyrir heimildir um hvort bæir, leiðir og landamerki nærri kumlum séu frá sama tíma og þau, en á hinn bóginn, þegar á heildina er litið, er fylgnin svo mikil, að varla er óhjákvæmilegt annað en að gera ráð fyrir að hér sé um reglu að ræða. Auk þessara almennu einkenna skiptast íslensk kuml í nokkra flokka með ákveðnum sérkennum. Algengt er að kuml séu nánast beint framundan bæjardyrum, u.þ.b. þar sem þjóðleið og heimreið mætast. Dæmi um slík kuml er að finna á Baldursheimi, Glaumbæ, Grímsstaði, Ystafell og Kálfborgará. Önnur kuml eru út við merki, þar sem þjóðleiðin liggur, sbr. t.d. kumlin milli Þverár og Auðna í Laxárdal, hjá Vindbelg og á Litlu-Núpum. Kumlið á Gautlöndum sker sig úr, enda eina kumlið sem fundist hefur í miðju túni. Hinsvegar lágu þjóðleiðir um hlaðið á bænum, og kann það að skýra hversvegna kumlum var þar valinn staður.

Gerðar voru lítilsháttar athuganir með grefti. Á Litlu-Núpum var athugað hvort fleiri kuml leyndust þar, en staðurinn hafði fundist 1915 í kjölfar uppblásturs. Til viðbótar kumli manns og 2ja hesta sem þekkt voru, fannst nú annað mannskuml og tvær hrossgrafir. Líkur eru á að enn fleiri kuml séu á staðnum.¹³ Leitað var einnig kumla með hliðsjón af dæmigerðri staðsetningu heiðinna grafa í héraðinu. Bar leitin árangur í Saltvík í Aðaldal og Lyngbrekku í Reykjadal. Þar var ekki kunnugt um kuml áður. Í Saltvík fundust 2 kuml, við leið, og miðja vegu milli tóftaþyrpinga tveggja fornbyla.¹⁴ Hjá Lyngbrekku fannst 1 kuml manns og hests á Daðastaðaleiti, u.þ.b. þar sem heimreiðin lá frá þjóðleiðinni, niður að Lyngbrekkubæ sem stendur þar sem áður voru hinir svonefndu Fornu-Daðastaðir.¹⁵

Öll kumlin sem fundust reyndust vera röskuð og flestum þeirra hafði reyndar verið raskað á miðöldum. Nýju kumlfundirnir breyta ekki þeirri mynd sem fyrir var af héraðinu, og eins hafa röskuð kuml takmarkað heimildagildi, en þau gefa góða von um að fjölga megi enn kumlfundum, og auka þannig við nýjum heimildum um hið forna samfélag.

¹³ Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, et al. (in prep.). Kumlin hjá Litlu-Núpum í Aðaldal. Fornleifarannsókn 2004. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

¹⁴ Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, et al. (2005). Kuml í Saltvík í Reykjahverfi, S-Þingeyjarsýslu. Reykjavík, FS270-03263, Fornleifastofnun Íslands.

¹⁵ Adolf Friðriksson, Hildur Gestsdóttir, et al. (in prep.). Kuml á Daðastaðaleiti, hjá Lyngbrekku í Reykjadal. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

Forn garðlög

Í Suður-Þingeyjarsýslu finnast víða miklir og fornlegir garðar sem liggja bæði á heiðum uppi og niðri í byggð. Könnun og kortlagning á loftmyndum hefur leitt í ljós alls um 190 km af görðum. Bændur hafa veitt þessum merkilegu mannvirkjum athygli gegnum aldirnar, enda eru þau tilkomumikil og getur hver garður verið allt upp í 8-10 m breiður. Þó eru þeir oft svo signir og máðir að erfitt er að koma auga á þá á jörðu niðri. Á hinn bóginn hefur heildinni aldrei verið gefinn gaumur og því veit í raun enginn hvernig garðakerfið var upp byggt eða hvaða tilgangi það þjónaði. Eyður í garðamynstrinu benda til þess að 50-100 km til viðbótar hafi horfið vegna jarðvegseyðingar.

Við athugunina voru notaðar loftmyndir og safnað saman upplýsingum úr fyrri rannsóknum á svæðinu.¹⁶ Einnig var kortlagt á jörðu niðri með GPS-tækjum og gögn færð af ljósmyndum inn í landfræðilegt upplýsingakerfi (GIS). Bæði eru þar langir, beinir garðar og einnig gerði eða hólf. Rannsóknarsvæðið er um 4.000 ferkílómetrar. Mest er af löngum görðum á Fljótshéiði og heiðalöndum í Reykjahverfi, en einnig má sjá töluvert af hólfum sums staðar suður af Húsavík og í Bárðardal. Samfella garðlaganna bendir til þess að þau séu flest frá sama tíma og frumathuganir á gjóskulögum benda til þess að þau hafi verið komin úr notkun töluvert áður en gjóskulagið V-1477 féll og sum jafnvel fyrir 1300.

Einn áhugaverðasti þáttur verkefnisins hefur verið að þróa notkun loftmynda í fornleifafraeði. Svo vel vill til að verkefnið hefur haft fé til að skrá og ljósmynda rannsóknarsvæðið úr lofti nokkrum sinnum á ári. Þetta hefur hjálpað mjög til að greina garðlög, sem sum hver sjást illa á jörðu niðri vegna gróðurs. Einnig hefur verið stuðst við gervihnattamyndir og lóðréttar loftmyndir, og allt veitir þetta víðtækar upplýsingar um hve mikið er enn varðveitt af garðlagakerfunum. Greinilega má sjá að jarðabætur og náttúrulegar ógnir eins og uppblástur hafa mikil áhrif á varðveislu garðlaga. Með því að skoða eldri loftmyndir, þar sem þær eru til, frá því áður en vélvæðing landbúnaðarins færðist í aukana, ætti að vera hægt að sjá minjar um garðlagakerfi sem eyðilagst hafa við jarðrækt og af völdum náttúruafllanna.

¹⁶ Aldred, Oscar, Elín Hreiðarsdóttir, Birna Lárusdóttir & Árni Einarsson (2004), Forn garðlög í Suður Þingeyjarsýslu, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, FS257-04261; Oscar Aldred, Elín Hreiðarsdóttir, Birna Lárusdóttir og Ágústa Edvald (2005) Forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, FS292-04262.

Garðlöggin ná yfir mjög stórt svæði og umfang þeirra sýnir að óhemju mikil vinna hefur verið lögð í hleðsluna og hefur til þess þurft mikið vinnuafli. Þannig geta þau ekki einungis gefið vísbendingu um beitarstjórnun og landnýtingu til forna heldur einnig verið ómetanleg heimild um samfélagsgerð og samvinnu manna á milli.

Niðurlag

Nú er lokið hinu viðamikla rannsóknarverkefni um landnám og menningarlandslag í Suður-Þingeyjarsýslu. Svo sem að framan greinir hafa markverðar niðurstöður fengist úr athugunum á fjölda rannsóknarstaða. Uppgreftir fóru fram á 12 stöðum auk athugana á garðlögum. Skráning var gerð á 13 kumlstöðum á svæðinu öllu og á um 500 fornleifum öðrum á völdum stöðum. Loks liggur fyrir aldursgreining geislakols úr tugum sýna frá svæðinu öllu. Er nú fengin langtum skýrari mynd af byggð og þróun hennar á svæðinu í öndverðu. Ljóst er að byggð hófst þegar mjög snemma, við upphaf landnáms, ekki einungis við gjöfula sjávarströndina og blómlegar sveitir Laxárdals, Aðaldals og Reykjadals, heldur og einnig hringinn í kringum Mývatn sem og suður í Oddastaði á Sellöndum. Sveigakot sem áður var búsetdarlegur landnámsbær er nú í örblásnu landi í öræfjafjalli. Þótt minjarnar séu illa leiknar af uppblæstri er þar komin gagnmerk viðbót við uppgráfin fornbylí hér á landi. Allmargar fornbylíatóftir í héraðinu hafa verið tímasettar til landnámsaldar, og fleiri fornar búsetumminjar hafa fundist, s.s. forn kerfi garðlaga og heiðin kuml. Þessar niðurstöður sýna svo ekki verður um villst að í héraðinu hafa fjölmargir bæir lagst í eyði mjög snemma, flestir sennilega milli 11. og 13. aldar. Suma, t.d. Hrísheima, Sveigakot og Oddastaði, mætti túlka sem staði sem ekki voru forsendur fyrir búsetu til langframa, þeir hafi verið of hátt uppi og umhverfið ekki þolað til lengdar það álag sem búskapnum fylgdi. Slíkar skýringar ganga hinsvegar ekki upp fyrir Stöng, Brennu eða Steinboga – hvað þá Höfðagerði í Aðaldal – og virðist skynsamlegra að leita orsaka þessarar þróunar í öðrum þáttum en umhverfinu. Ljóst er að byggð hefur verið sýnu þéttari á víkingaöld en seinna varð, býlin hafa verið allt að 50% fleiri, og hugsanlega að sama skapi minni. Breytinguna má e.t.v. tengja við þann gríðarlega vöxt sem hafði orðið í sauðfjárbúskap, þ.e.a.s. ef marka má öskuhauginn í Steinboga. Sauðfjárbúskapur krefst landrýmis og má vera að minni býlin, ekki síst þau sem lágu að afréttunum, hafi orðið fyrir barðinu á útpenslu þeirra stærri og verið lögð niður til að stækka

beitilind hinna sem eftir urðu.

Verkefninu Landnám og menningarlandslag lauk árið 2004, en það hefur m.a. getið af sér nýjar rannsóknarspurningar og spennandi verkefni af ýmsum toga. Þegar þetta er ritað hafa rannsóknir á allmörgum títtnefndra staða verið haldið áfram, s.s. á Sveigakoti, Hrísheimum, Lyngbrekku og á fornum garðlögum. Eins hafa verið gerðar athuganir á minjum í Skuldaþingsey¹⁷ og Þingey¹⁸ á Skjálfandafljóti, og fyrir liggur að halda áfram rannsóknum á Hofstöðum. Margvísleg rannsóknargögn liggja fyrir og er unnið að útgáfu þeirra í áföngum.¹⁹ Jarðvegs- og gróðurannsóknir hafa verið gerðar í byggð sem og á Mývatnssheiði, m.a. til að varpa ljósi á áhrif beitar og seljabúskapar á gróðurfar og jarðveg²⁰. Gerðar hafa verið nýjar rannsóknir á gjóskulögum og lögð áhersla á að rekja útbreiðslu gjóskulagsins V~950, sem og athuganir á nákvæmni geislakolsmælinga²¹, eldsmeti²², dýrabeinum²³, mannabeinum²⁴,

¹⁷ Orri Vésteinsson, Árni Einarsson, et al. (2004). A New Assembly Site in Skuldaþingsey, NE-Iceland. *Current Issues in Nordic Archaeology. Proceedings of the 21st Conference of Nordic Archaeologists*, September 6th-9th 2001, Akureyri. Garðar Guðmundsson. Reykjavík, Félag íslenskra fornleifafræðinga: 171-79.

¹⁸ Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson (2005). Þingey. *Þingstaðarannsóknir 2004*. FS275-02143: 37-50; Adolf Friðriksson and H. M. Roberts (2005). Þingey... framvinduskýrsla 2005. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands: 26-28.

¹⁹ Yfirlit um einstaka þætti er t.d. að finna í: Adolf Friðriksson and Orri Vésteinsson (2003). Creating a Past. A Historiography of the Settlement of Iceland. *Culture Contact, Continuity and Collapse: The archaeology of North Atlantic colonization, A.D. 800-1800*. James Barrett and J. Tuck. Toronto (eds.), University of Toronto Press; Adolf Friðriksson, Orri Vésteinsson, et al. (2003). Recent investigations at Hofstaðir, northern Iceland. *Atlantic Connections and Adaptations: Economies, environments and subsistence in lands bordering the North Atlantic. Symposia of the Association for Environmental Archaeology* 21. R. A. a. G. C. Housley, Eds. Oxford, Oxbow Books; McGovern, T. H., Vésteinsson, O., Friðriksson, A., Church, M. J., Lawson, I. T., Simpson, I. A., Einarsson, A., Dugmore, A. J., Cook, G. T., Perdikaris, S., Edwards, K. J., Newton, A. J. and Aldred, O. (in press.) Settlement, sustainability, and environmental catastrophe in Northern Iceland. *American Anthropology* 107.

²⁰ Lawson, I. T., Gathorne-Hardy, F. J., Church, M. J., Newton, A. J., Edwards, K. J. and Dugmore, A. J. Environmental impacts of the Norse settlement: palaeoenvironmental data from Helluvaðstjörn, Mývatnssveit, northern Iceland. (Submitted to Boreas) (15pp); Simpson, I.A., Guðmundsson, G., Thomson, A.M. and Cluett, J. (2004). Assessing the role of winter grazing in historic land degradation, Mývatnssveit, north-east Iceland. *Geoarchaeology* 19, 471-503; Thomson, Amanda M., and Ian A. Simpson (In press) Modeling historical land management decisions in sensitive landscapes: The design and validation of a grazing model for Iceland. *Environmental Modelling and Software*; - Modeling historic rangeland management and grazing pressures, Mývatnssveit Iceland. *Human Ecology*.

²¹ Ascough, P., Cook, G., Church, M. J., McGovern, T. H. and Dugmore, A. J. 2005. Marine reservoir corrections from Hrísheimar, Mývatnssveit, northern Iceland. Unpublished Technical Report, Institute of Geography, School of GeoSciences, University of Edinburgh.

²² Simpson, I.A., Vésteinsson, O., Adderley, W.P. and McGovern, T.H. (2003). Fuel resources in landscapes of settlement. *Journal of Archaeological Science* 30, 1401-1420; Simpson, I.A., Guðmundsson, G., Thomson, A.M. and Cluett, J. (2004). Assessing the role of winter grazing in historic land degradation, Mývatnssveit, north-east Iceland. *Geoarchaeology* 19, 471-503; Vésteinsson, O. and Simpson, I.A. (2004). Fuel utilisation in pre-industrial Iceland: A micromorphological and historical analysis. In G. Guðmundsson (ed.) *Current Issues in Nordic Archaeology*. Reykjavík: Society of Icelandic Archaeologists. pp. 181-187.

einstökum forngripaflokkum²⁵ auk úrvinnslu á uppgraftargögnum frá stóru uppgrftarstöðunum. Í þessu heimildasafni er að finna einstakan efnivið til frekari athugana á framvindu landnámsins á Íslandi.

²³ McGovern, Thomas H. , Sophia Perdikaris, Arni Einarsson, and Jane Sidell (in press) Inland Cod and Sustainable Waterfowl; wild species use in Viking age Mývatnssveit, N Iceland, *Environmental Archaeology*.

²⁴ Hildur Gestsdóttir and Guðmundur I. Eyjólfsson (2005). “Mergæxli í fornri beinagrind frá Hofstöðum í Mývatnssveit.” *Læknablaðið* 91: 505-9.

²⁵ T.d. N. Mehler, Die bronzene Ringkopfnadel aus Hofstaðir, Island. *Germania* 81/2003, 289–295.